

**Matvælastofnun (Mast)**  
**Jón Baldur Lorange**  
**Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu**

Febrúar 2020

## Ársskýrsla vegna ullarsöfnunar 2019

Ístex hf. fékk stuðning til ullarsöfnunar 2019 samkvæmt reglugerð nr. 1183/2017, III KAFLI ullarnýting. Í samningi við Matvælastofnun frá 15. febrúar 2019 skal Ístex hf. skila ársskýrslu um ullarnýtingu fyrir tímabilið 1. nóvember 2018 til 31. október 2019.

Ullarsöfnun gekk vel fyrir sig á tímabilinu. Veður var almennt hagstætt, ásamt því að þvottur gekk vel og nýju blöndunarklefarnir virkuðu sem skyldi. Klefarnir hafa klárlega aukið gæði og gefið jafnara hráefni.

Ístex hf. telur sig að hafa uppfyllt öll þau skilyrði við söfnun sem bent er á í samningnum, þ.m.t. að útvega umbúðir til afhendingar, að sækja alla vinnsluhæfa ull á landinu og að áfram vinna yfir 30% af allri ull á Íslandi.

### Nýjungar

Það voru nokkrar nýjungar sem komu í gagnið á árinu með því hugarfari að bæta gæði, finna ný tækifæri í sölu og auka almenna þekkingu á meðhöndlun ullar.

### Nýjir ullarflokkar

Ullaframleiðendum var lagt til að taka frá ull í fjóra nýja flokka. Almennt séð þá skiluðu þessir flokkar sér vel í hús. Þó æskilegra hefði verið að kynna þá fyrr fyrir bændum en hægt var.

### H3H – þriðji flokkur

Þessi flokkur var tekinn upp aftur til að auka líkur á að hækka meðalverð ullar. Um er að ræða grófasta og oft skítusta hlutann af reyfinu, þ.e. lærull og kviðull. Von er að flokkurinn einfaldi flokkunina fyrir bændur og bæti gæði á fyrsta og öðrum flokki.

### M2L

Offramboð hefur verið á mislitri ull (M2). Markmið með þessari flokkun er að taka mjúka og fína lambsull út og finna henni betri stað.

### Hvít heilsársull og Snoð

Þá var lagt upp með að skrá hvíta heilsársull og snoð ekki lengur saman, heldur í sér flokka. Þessi ull kemur afar sjaldan saman, en nú er birgðarhald betra. Það hjálpar talsvert þar sem þessi ull er ekki lengur notuð saman.

### Ullarmyndbönd

Ístex gaf út 5 myndbönd um ullarmyndbönd í samstarfi með Ullarmatsnefnd, Icelandic Lamb og Beit. Þetta var í fyrsta sinni í um 30 ár sem slíkt er gert. Reynt var að hafa myndböndin stutt og hnitmiðuð.

Myndböndin 5 eru „Flokkun á hvítri haustull“, „Flokkun á hvítri lamsull“, „Flokkun á mislitri haustull“, „Gallar í ull“, og „Ullarþvottur á Blönduósi“. Fyrsta myndbandið fékk áhorf um tæplega 1.300 einstakra aðila fyrstu vikurnar í nóvember.

[www.ullarmat.is](http://www.ullarmat.is)

Ístex setti upp ásamt Ullarmatsnefnd heimasíðu, þar sem fram kemur ítarlegar leiðbeiningar um ullarviðskipti og ullarflokkun í máli, myndum og myndböndum. Von er að þessi heimasíða verði framvegis eins konar staðall um ullarmál. Líkt og myndböndin voru einstakir gestir tæplega 1.300 fyrstu vikurnar í nóvember 2018.

### Forrit til hjálpar við fellingar á mati

Á Blönduósi var tekið upp forrit sem notað er á skjátölvu þegar þarf að fella ullarmat eða færa í annan flokk. Inn í forritinu er aðili valin, sú breyting sem við á valin og síðan teknar myndir. Kerfið býr síðan til skýrslu. Þá fer verksmiðjustjóri yfir breytingarnar og uppfærir á Bændatorgi. Að auki fær ullarinnleggjandi skýrslu með myndum um breytinguna í tölvupósti eða í síma. Það voru gerðar athugasemdir hjá um 23% innleggjanda. Þar af voru 6% jákvæðar, þar sem hælt var fyrir góð vinnubrögð.

### Ullarsöfnun

Ístex skuldbatt sig að safna allri vinnsluhæfri ull frá öllum framleiðendum sem þess óskuðu. Á tímabilinu safnaði Ístex hf. um 881 tonnum af ull frá 1.433 ullarframleiðendum um allt land.

	Óhreint [kg]	Hreint [kg]
690 Snoð Hvítt	78.367	54.857
691 Hvít heilsársull	95.780	67.046
695 H-Lamb	18.588	14.871
696 H-1 Flokkur	172.465	137.972
697 H-2 Flokkur	228.968	183.008
698 H-2 Flokkur Lamb (lítið gölluð)	40.850	32.680
699 H-3 Hvítt	60.590	48.466
715 M-Svart	31.502	24.455
716 M-Grátt	24.695	19.173
717 M-Móráutt	14.257	11.053
718 M-2 Flokkur	105.739	80.588
720 M-2 Lamb mislit	4.321	3.455
719 Úrkast	4.979	0
<b>Samtals</b>	<b>881.101</b>	<b>677.624</b>

Ístex neitaði engum ullarframleiðenda um að taka á móti vinnsluhæfri ull frá þeim. Stærsti hluti þess sem var sett í úrkast (tæplega 5 tonn), þar sem þau voru ekki hæf til vinnslu, var illa þæfð ull, t.d. með snoð utan á eða með alvarlegum skítakleprum. Engin vafamál fóru fyrir Ullarmatsnefnd. Frekari upplýsingar um ullarframleiðsluna má sjá í meðfylgjandi skýrslum úr Bændatorgi.

### Móttökustöðvar og umbúðir

Ístex setti upp söfnunarkerfi, eins og lýst var í umsókn og auglýst til bænda, m.a. í Bændablaðinu og á [www.istex.is](http://www.istex.is). Það voru um 34.000 af þar til gerðum ullarpökum dreift til bænda í gegnum 19 umboðsmenn. Þá komu um 8 flutningsaðilar beint að ullarflutningum. Ullarframleiðandi, sem var

lengra en 100 km frá söfnun eða 125 km, var samið við sérstaklega fyrir flutning á ullinni að söfnunarstað. Skjal með pokadreifingaraðilum og flutningsaðilum fylgir.

Því miður tafðist auka ullarpokasending sem átti að berast í byrjun nóvember vegna bruna í verksmiðju úti. Þessi nóvembersending á pokum var aðallega fyrir vorið og til að bæta á það ef eitthvað vantaði fyrir haustullin. Þrátt fyrir að fleiri pokar voru dreifðir til bænda en undanfarin ár, þá vantaði í sum svæði. Þessi svæði voru Norðurland Vestra, Vesturland og Snæfellsnes, en þessi svæði voru hógværust í pokapöntunum. Hins vegar var Suðurland og Austurland með nóg og aflögufærir. Það sama má segja um Norðurland Eystra, Vestfirði og Sauðárkrók. Til að brúa bilið voru dreifðir ferkantaðir pokar sem ætlaðir voru undir ullarteppaframleiðslu. Ullarpokasendingin kom síðan í lok desember.

## Íslensk vinnsla

Á ullarárinu 2019 frá 1.11.2018 til 31.10.2019 nam útflutningur Ístex 376 tonn af þveginni ull.

Ístex keypti af bændum 678 tonn af hreinni ull, þannig að hlutfallið af ull sem fór til vinnslu héraendis var vel yfir 30%. Einungis annar flokkur og lakari ull var seld erlendis.

## Lærdómur

Það er nokkur atriði sem mætti taka til skoðunar til að bæta ullarsöfnunarferilinn. Þar mætti nefna..

- kort með öllum ullarframleiðendum
- fleiri fundi og samtöl með bændum til að fara yfir ullarmál
- meira af jákvæðum athugasemdum til bænda þegar vel er gert
- hvatningu til bænda til að setja ekki meira en 25 kg í hvern poka, þannig að þeir staflist betur í flutningum og séu auðveldari í meðhöndlun fyrir starfsfólk

## Lokaorð

Ístex hf setti upp ullarsöfnunarkerfi sem bæði uppfyllti þau skilyrði sem voru í samningi við Matvælastofnun og styrkti bændur um allt land til að afhenda á sem auðveldasta máta alla vinnsluhæfa ull til frekari vinnslu. Þeirri vinnsluhæfri ull var vel yfir 30% áfram unnin á Íslandi. Ef frekari upplýsinga er óskað um ullarsöfnun 2019 er það bara að spyrja.



---

Sigurður Sævar Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri Ístex